

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Á Norðurgötu við Strandgötu/tengibraut skal vera/verði biðskylda.
2. Á Hríseyjargötu við Strandgötu/tengibraut skal vera biðskylda.
3. Á Strandgötu austan Hjalteyrargötu á mótum Hjalteyrargötu og Strandgötu/tengibraut skal vera biðskylda, en biðskylda sem nú er á Hjalteyrarbraut við Strandgötu fellur niður.
4. Á Strandgötu/húsagötu við Norðurgötu skal vera biðskylda og biðskylda sem er á Norðurgötu við núverandi Strandgötu fellur niður.
5. Á Strandgötu/húsagötu við Hríseyjargötu skal vera biðskylda.
6. Á nýrri framlengingu Hríseyjargötu að Strandgötu/tengibraut skal vera tvístefna, en áfram skal vera/verði einstefna á eldri hluta götunnar.
7. Strandgata/húsagata skal vera botngata að húsi nr. 45.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 22. október 1993.

Björn Rögnvaldsson, ftr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals:

6350 lestir

| | |
|-------------------------------|-------------|
| þ.a. Eldey | 600 lestir |
| þ.a. Arnarfjörður | 750 lestir |
| þ.a. Ísafjarðardjúp | 2500 lestir |
| þ.a. Húnaflói | 1000 lestir |
| þ.a. Skagafjörður | 200 lestir |
| þ.a. Skjálfaflói | 600 lestir |
| þ.a. Öxarfjörður | 700 lestir |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. október 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.